

Borgarráð 20. ágúst 2026: Málsmeðferðartillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Miðflokksins og áheyrnarfulltrúa Vinstreisins og Sósíalistasflokks Íslands um samþykkt um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis - VEL26080004

Lagt er til að borgarráð samþykki að fresta afgreiðslu á samþykkt velferðarráðs um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis dags. 17. ágúst 2026 og vísa málinu til umfjöllunar stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu áður en það kemur til endanlegrar afgreiðslu. Jafnframt er lagt til að samhliða verði leitað umsagnar öldungaráðs Reykjavíkur og skal umsögn ráðsins lögð fram í borgarráði.

Greinargerð:

Tillagan gerir ráð fyrir gjaldskrárhækkunum sem nema allt að 73% hækkun á hádegismat í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum lífeyrisþega og heimsendum mat til skjólstaðinga velferðarþjónustunnar. Mikilvægt er að stíga varlega til jarðar enda margir í þeim hópi sem eru í viðkvæmri stöðu og hafa takmörkuð fjárráð. Þá er ábyrgð borgarinnar á verðlagsþróun mikil ekki síst í ljósi skuldbindinga borgaryfirvalda við undirritun gildandi kjarasamninga um að gjaldskrárhækkunum yrði stillt í hóf.

Ljóst er að fjármagna þarf útgjöld vegna máltíðarþjónustu sem ekki rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs. Samkvæmt tölum sem birtust fyrr á árinu er áætlað að um 742 m.kr. séu ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs þar af 338 m.kr. vegna 10 mánaða á árinu 2026, 335 m.kr. vegna ársins 2027 og 67 m.kr. vegna fyrstu tveggja mánaða ársins 2028. Í ljósi þess er lagt til að málinu verði vísað til umfjöllunar stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu með það að leiðarljósi að rýnt verði hvort nýta megi fjárhagslegt svigrúm sem skapast vegna hagræðingaraðgerða til þess að mæta kostnaði velferðarsviðs vegna þeirra útgjalda sem eru utan fjárheimilda.